



Áveitan

10. tbl. 18. árgangur. Október 2024

Kvenfélag Villingaholtshrepps

tekur þátt í Ullarvikunni 2024:



Þrjónakaffihús

-í Þingborg

3.-5. október



Opnunartímar:

Fimmtudagur kl. 11-16

Föstudagur kl. 10-17

Laugardagur kl. 10-17

Kaffi og konfekt kr. 500,-

Kaffi og bakkelsi kr 1.900,-

Allur ágóði rennur til líknarmála.



Sjá glæsilega dagskrá Ullarvikunnar á www.ullarvikan.is

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra



Kæru íbúar og aðrir lesendur Á-veitunnar.



Undirbúningur fjárhagsáætlunar

Nú fer undirbúningur fjárhagsáætlun 2025 og næstu þriggja ára þar á eftir að fara á fullt. Vinna við fjárhagsáætlun nær til byggðasamlaga og samstarfsverkefna ásamt því að taka til allra mála-flokka og deilda innan Flóahrepps.

Ljóst er að framkvæmdir við Flóaskóla munu halda áfram á komandi árum með áformum um stækkun á skólahús-næði og mun framkvæmda- og byggingarnefnd Flóaskóla halda áfram að vinna að þeim undirbúningi. Fyrirhugaðar eru áframhaldandi fjárfestingar í vatnsveitunni sem snúa meðal annars að því að endurnýja gamlar lagnir til að draga úr bilunum og viðhaldi ásamt því að byggja upp betra vöktunarkerfi á veitunni.

Frekari vinna við uppbyggingu íbúðarbyggðar við Þingborg fer vonandi af stað á árinu 2025 og samhliða því nánari vinna við deiliskipulag svæðisins við Krakkaborg og Þingborg, meðal annars með tilliti til framtíðar stækkunar leikskólans, íbúðarbyggðar og skilgreiningar verslunar og þjónustu á svæðinu.

Stefnt er að því að koma öllum lóðum í Heiðargerði í leigu og uppbyggingu á atvinnustarfsemi ásamt því að klára að skipuleggja iðnaðarsvæði norðan við núverandi svæði í Heiðargerði og auglýsa þær lóðir lausar til úthlutunar.

Íbúafundur um atvinnustefnu

Mánudagskvöldið 7. október mun sveitarfélagið standa fyrir opnum

Íbúafundi um sameiginlega atvinnustefnu neðri hluta Árnassýslu. Fundurinn verður haldinn í Þingborg og hefst kl. 20:00. Það eru starfsmenn SASS og byggðapróunarfulltrúi svæðisins sem stýra fundinum. Við hvetjum sem flest til að mæta á íbúafundinn og taka með sér gesti. Við mótun stefnu eins og atvinnustefnu skiptir máli að fá sem flestar raddir að borðinu en í Flóahreppi og á svæðinu í kringum okkur er fjölbreytt flóra atvinnulífs og mikilvægt að stefnan nái utan um þessa fjölbreyttu og ólíku atvinnustarfsemi.

Gjald vegna dýrahæja

Líkt og sveitarstjórn ákvað við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2024 verður nýtt gjald skv. samþykkttri gjaldskrá lagt á búfjáreigendur í Flóahreppi sem á að standa undir úrgangsflokknum dýrahæ. Innheimta gjalda frá notendum er í takti við lög um meðhöndlun úrgangs þar sem sá greiðir sem notar. Gjaldið tekur mið af skráðum bústofni skv. skýrslum frá MAST og er flokkað í nokkra mismunandi gjaldstofna eftir umfangi. Allir skráðir búfjáreigendur munu fá bréf frá sveitarfélaginu þegar nýjustu upplýsingar frá MAST liggja fyrir þar sem þetta verður útskýrt nánar.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga

Dagana 10.-11. október fer sveitarstjórn ásamt starfsfólki skrifstofu á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í Reykjavík. *Skrifstofa Flóahrepps verður lokuð þessa tvo daga.* Samhliða fjármálaráðstefnu eru haldnir aðalfundir Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, Samtaka orkusveitarfélaga ásamt ársfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Flóahreppur á fulltrúa á öllum þessum fundum.

Árþing SASS

Dagana 31. október – 1. nóvember fer árþing Samband sunnlenskra sveitarfélaga fram í Hveragerði. Fulltrúa Flóahrepps á þinginu verða Árni Eiríksson, Harpa Magnúsdóttir og Sigrún Hrefna Arnardóttir og að auki situr sveitarstjóri árþingið. Á árþinginu eru einnig haldnir aðalfundir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.

Fundur með Vegagerðinni

Sveitarstjórn Flóahrepps átti fund með Bergþóru Kristinsdóttur for-

stjóra Vegagerðarinnar þann 12. september. Fundinn sátu einnig Svanur Geir Bjarnason svæðisstjóri á Suðursvæði og Guðmundur Valur Guðmundsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs hjá Vegagerðinni. Á fundinum var farið yfir ýmsa þætti sem snúa að samgöngumálum í Flóahreppi. Rætt var um vegakerfið og skort á viðhaldi á malarvegum innan sveitarfélagsins. Sveitarstjórn lagði ríka áherslu á að farið verði sem fyrst í uppbyggingu á mikilvægum tengivegum í sveitarfélaginu og var Önundarholtsvegur nr. 311 nefndur þar sem forgangsverkefni ásamt Urriðafossvegi nr. 302. Lögð var áhersla á að tryggja betri samgöngur á betri og öruggari vegum í sveitarfélaginu og í því samhengi vísað til skólaaksturs og hjáleiða sem gjarnan eru í gegnum sveitarfélagið ef loka þarf þjóðvegi 1.

Samkvæmt Vegagerðinni er viðvarandi skortur á fjármagni frá ríkinu til eðlilegs viðhalds og uppbyggingar á vegakerfinu. Sérstakt tengivegaáttak hefur verið framlengt um eitt ár og skv. áætlunum á það að skila bundnu slitlagi á hluta Önundarholtsvegar á árinu 2027 og hluta Urriðafossvegar á árinu 2028 en ljóst er að mun meira fjármagn þarf í samgöngumál til að sinna eðlilegu viðhaldi og þjónustu. Sveitarstjórn mun halda áfram að taka samtalið við Vegagerðina, þingmenn og ráðuneyti vegna samgöngumála í Flóahreppi enda brýnt að gera úrbætur í vegakerfinu ásamt því að skilgreina Gaulverjabæjarveg og Villingaholtsveg sem aðalbrautir, uppfæra umferðarmerkingar í sveitarfélaginu og fjölga vösum við gatnamót til að auka umferðaröryggi svo fátt eitt sé nefnt.

Matur fyrir eldri íbúa

Í lok september hófst sú þjónusta að bjóða eldri borgurum í Flóahreppi upp á að kaupa mat af sveitarfélaginu. Ýmist er hægt að borða í mötuneyti Flóaskóla eða sækja mat þangað og fara með heim. Nokkrar skráningar hafa þegar borist og hvetjum við sem flesta eldri íbúa til að nýta sér þessa þjónustu. Allir íbúar sem eru 67 ára á árinu og eldri fengu bréf þar sem þessi þjónusta var kynnt. Sjá nánar hér: <https://www.floahreppur.is/is/thjonusta/velferd-ibua/malefni-aldradra>

Jafnlaunavottun

Þann 7. október mun fara fram jafnlaunaúttekt hjá sveitarfélaginu. Sveitarstjóri og launafulltrúi sinna að mestu undirbúningi úttektarinnar

ásamt skólastjórum leik- og grunnskóla. Í jafnréttisáætlun og jafnlaunastefnu Flóahrepps má finna nánari upplýsingar um tilgang jafnlaunavottunar:

<https://www.floahreppur.is/static/files/Stefnur/jafnrettisaetlun-og-jafnlaunastefna-floahrepps-okt-2023.pdf>

Næstu fundir sveitarstjórnar:

Næstu fundir sveitarstjórnar Flóahrepps eru skv. samþykktum dagana 1. október og 15. október í Þingborg. Fundir eru sendir út í beinu streymi og má nálgast hlekk á streymi á heimasíðu Flóahrepps.

Opnunartímar gámasvæðisins í Hrísmýri:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Athugið að ekki er opið á laugardögum.

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.



Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið igf@igf.is

Grenndargámar fyrir málma og gler ásamt lokuðum ílátum fyrir textíl eru staðsettir við Félagslund og Þingborg.

Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrísmýri gjaldfrjálst. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg á opnunartíma.

Viðtal við sveitarstjóra og oddvita:

Sveitarstjóri er almennt með viðveru á skrifstofu alla virka daga á opnunartíma skrifstofu og tekur á móti íbúum. Það getur verið gott að hringja á undan sér eða senda tölvupóst á hulda@floahreppur.is til að vera viss um að sveitarstjóri sé við og alltaf er hægt að bóka viðtal.

Oddviti er ekki með fasta viðveru á skrifstofu en íbúum er ávallt frjálst að heyra í honum, senda tölvupóst eða bóka viðtal við hann. Til að bóka viðtal er best að senda tölvupóst á arni@floahreppur.is.

Húsvarsla í Þingborg og Félagslund:

Andri Þór Erlingsson og Ingibjörg Einarsdóttir sjá um húsvörslu í Félagslund og Þingborg. Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna

berist í síma 691-7082 eða á netfangið thingborg@gmail.com.

Opnunartími skrifstofu:

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is

Hafdis bókarí, launafulltrúi og fasteignagjöld: hafdis@floahreppur.is

Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is

Vaktsími vatnsveitu Flóahrepps: 862-6848 – sótt er um nýtingingar á heimasíðu Flóahrepps

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) – vegna skipulags- og byggingarmála:

UTU er staðsett á Laugarvatni.

Almennt netfang: utu@utu.is

Sími: 480-5550

Opíð alla virka daga frá 9:00-12.00.

Vegna seyrulosunar : seyra@seyra.is eða sími 480-5550

Viðtals- og símatímar skipulags- og byggingarfulltrúa og annarra starfsmanna alla virka daga nema miðvikudaga milli kl. 9:00-12.00.

Mælst er til þess að fundir séu bókaðir með fyrirvara.

Sjá nánar hér: <https://www.utu.is/um-okkur/>

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings bs:

Skóla- og velferðarþjónustan er staðsett í Laugarási en starfsmenn sinna fundum og ráðgjöf oft á tíðum utan starfsstöðvar.

Sími: 480-1180

Vegna skólaþjónustu: skolathjonusta@arnesthing.is

Vegna velferðarþjónustu: velferd@arnesthing.is

Sjá nánar hér: www.arnesthing.is

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri



Haustfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps

Kvenfélag Villingaholtshrepps heldur haustfund sinn í Þjórsárveri miðvikudaginn 16. október kl 20:00

Kaffikonur eru þær Margrét Ósk í Þjórsárnesi, Didda í Vatnsholti og Gunnlaug í Hróarsholti.

Nýjar konur velkomnar að koma og kynna sér starfið.

Stjórnin

Fréttir frá Flóaskóla

Skólastarf í Flóaskóla er í miklum blóma. Í vetur ætlum við að skipta skólaárinu í sex hluta þar sem í hverjum þeirra er kennt eitt þemaverkefni tengt einum af grunnþáttum menntunar. Fyrsta verkefnið var tengt grunnþættinum *heilbrigði og velferð*. Nemendur skólans hafa undanfarið unnið viðamikið þemaverkefni tengt þessu sem nefnist *Hver er ég?* Þar hafa nemendur skoðað styrkleika sína og veikleika, sett sér markmið, unnið með áhugamál sín og margt fleira tengt þeim sjálfum. Næstkomandi mánudag 7.10. verða svo nemendastýrð viðtöl í skólanum, þar sem nemendur kynna verkefnið fyrir foreldrum sínum og byggja viðtalið á þessu verkefni að stærstum hluta.



Næsta þema er tengt grunnþættinum *sköpun*. Þar ætla nemendur elsta stigs að undirbúa og sýna leikrit sem svo verður sýnt um miðjan nóvember. Miðstigið vinnur að verkefni sem nefnist *Afmælisveislan mín - Grænu skrefin* og yngsta stig vinnur með *Himingeiminn*. Í öllum þessum verkefnum og verkefnaskilum verður áhersla lögð á skapandi vinnu.

12. september komu í heimsókn til okkar ríflega 20 nemendur frá Gudenåskolen í Danmörku. Þeir eru í samstarfi við 10. bekk-



ingana okkar í vetur. Yfirskrift samstarfsverkefnisins þetta skólaár er *Vatnið í nærumhverfi okkar*. Hópurinn fór m.a. til Vestmannaeyja, í Hellisheiðarvirkjun og í Reykjaréttir. Heimsóknin gekk mjög vel og var lærdómsrík fyrir alla.

Í október kemur Jón Pétur danskennari til okkar í skólann, tekur upp þráðinn frá fyrri árum og þjálfar fótafimi og samhæfingu nemenda í skemmtilegum danstímum. Þeirri vinnu lýkur með danssýningu fyrir foreldra í lok mánaðar.

Eins og áður hefur komið fram fagnar skólinn 20 ára afmæli á þessu ári, en Flóaskóli var stofnaður haustið 2004. Af því tilefni ætlum við að halda afmælisfagnað í janúar.

Við höfum fengið nokkrar fyrirspurnir um afmælisgjöf til skólans í tilefni afmælisins. Ef einhver félagasamtök eða hópar hafa áhuga á að færa skólanum gjöf fögnum við því og hvetjum viðkomandi til að hafa samband. Alltaf er nóg af viðfangsefnum sem gott er að fá stuðning við, hvort sem um er að ræða leiktæki á lóð skólans, bækur, hljóðfæri eða tæknibúnað til náms og kennslu.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir



Vetrarstarf Umf Þjótanda 2024-2025



Þjótandaæfingar eru hafnar.
Æfingatímar eru þessir:

Æfingar fyrir **2.– 4. bekk** eru á föstudögum innan stunda-
töflu Flóaskóla, hefjast eftir hádegismat og eru til kl.13:45.
Æfingarnar verða fyrst um sinn haldnar á íþróttasvæðinu við
Flóaskóla en færast yfir í Þingborg þegar veður versnar.
Þjálfari Örvar Rafn Hlíðdal.

Skráning þarf að berast á netfangið
orvar@floaskoli.is

Æfingar fyrir **5.–7. bekk** eru í Þingborg á þriðjudögum. Rúta
keyrir frá Flóaskóla kl 13:40 og æfingunni líkur kl 15:30.
Foreldrar sækja í Þingborg. Þjálfari Guðmunda Bríet Stein-
dórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir.

Skráning þarf að berast á netfangið
gudmunda@floaskoli.is

Æfingar fyrir **8.-10. bekk** eru í Þingborg á þriðjudögum frá
16:00-17:30. Þjálfari Guðmunda Bríet og Hanna Dóra
Höskuldsdóttir. Foreldrar keyra og sækja.

*Á Þjótandaæfingum verða stundaðar fjölbreyttar og
skemmtilegar æfingar í bland við leiki og frjálssar íþróttir.
Foreldrar eru hvattir til að skiptast á um akstur til og frá
æfingum.*

**Allar íþróttæfingar Umf. Þjótanda eru gjaldfrjálssar, en
foreldrar eru hvattir til að greiða árgjald félagsins þegar
það verður innheimt.**

laugardagskvöldið 26. október

KÓTELETTUKVÖLD

Í ÞINGBORG



Hið stór skemmtilega Kótelettukvöld verður haldið á vetrardaginn fyrsta í Þingborg laugardagskvöldið 26. október nk.

Húsið opnar kl. 19:30. Hátiðin sett kl 20:00 Við borðum kótelettur í raspi ásamt tilheyrandi meðlæti (þökk sé íslenska bóndanum) Eftirréttur frá Kjörís og kaffi. (Gos, rautt og hvítt og hjór selt á barnum).

Guðni Ágústsson verður veislustjóri Ísólfrur Gylfi Pálmason slær á léttu strengi syngur og segir sögur

Trío Guðlaugar Drafnar Ólafsdóttur frá Glóru ásamt þeim Vigni Stefánssyni og Jóni Rafnssyni flytja mjúk og seiðandi sönglög úr ýmsum áttum. Sönglög sem flestir ættu að þekkja.

HAPPRÆTTI KVÖLDSINS- VINNINGAR ERU:

Forystugimbur frá Ytra Álandi.

Hótel Vík Mýrdal gisting fyrir tvo og þriggja rétta kvöldverður

Grand Hótel Reykjavík gisting fyrir tvo og þriggja rétta kvöldverður

ÞINGBORG TEKUR 200 MANNS Í SÆTI, GOTT AÐ PANTA MIÐA SEM FYRST.

Miðaverð aðeins kr. 8.000/átta þúsund krónur

Miða og borðapantanir hjá eftirtöldum aðilum:

Guðrún Tryggvadóttir s: 894-4448 netf: grenigrund(hja)islandia.is

Sigmundur Stefánsson s: 898-6476 netf: sigmundurstef(hja)gmail.com

Aðalsteinn Sveinsson s: 860-7714 netf: adalsteinnkolsholti(hja)gmail.com

Allur ágóði rennur til Flóamannabókar, næst kemur Villingaholtshreppurinn út.

Þið eruð öll hjartanlega velkomin meðan húsrúm leyfir. Takið afstöðu sem fyrst og verið með á skemmtilegu Kótelettukvöldi

FÖGNUM VETRINUM!

Þorrablót Flóamanna

verður haldið
laugardaginn
8. febrúar 2025

Takið daginn frá!



ULLARVIKAN

29.9. – 5.10.2024

South Iceland Woolweek

www.ullarvikan.is



Messuplan í kirkjum Flóahrepps fram að áramótum

Gaulverjabæjarkirkja

24. nóvember kl. 14:00.

Prestur: Ása Björk Ólafsdóttir

25. desember, jóladagur. Hátíðarguðspjónusta kl. 14:00

Prestur: Gunnar Jóhannesson

Villingaholtskirkja

6. október kl. 14:00 Þjóðbúningamessa

Prestur: Guðbjörg Arnardóttir

26. desember, annar dagur jóla. Hátíðarguðspjónusta kl. 11:00

Prestur: Guðbjörg Arnardóttir

Hraungerðiskirkja

10. nóvember kl. 14:00

Prestur: Gunnar Jóhannesson

8. desember, annar sunnud. í aðventu. Aðventustund kl. 20:00

Prestur: Guðbjörg Arnardóttir

25. desember, jóladagur. Hátíðarguðspjónusta kl. 11:00

Prestur: Gunnar Jóhannesson

Laugardælakirkja

26. desember, annar dagur jóla. Hátíðarguðspjónusta kl. 14:00

Prestur: Guðbjörg Arnardóttir

Athugið vel tímasetningar á messunum



AÐVENTUTÓNLEIKAR

5.DESEMBER 2024

Í FLÓAHREPPI



Kæru sveitungar

Menningarnefnd í samstarfi við Berglindi Björk Guðnadóttur stendur fyrir fjölskyldu aðventutónleikum. Við köllum eftir áhugasömum til að vera þátttakendur í kór og eða vera með tónlistaratriði.

Áhugasamir hafi samband við Berglindi S.866-5730
beggdav@gmail.com



ÍBÚAFUNDUR: FLÓAHREPPUR 2040

HVERNIG VILJUM VIÐ AÐ FRAMTÍÐIN VERÐI?

RESIDENCE MEETING:
FLÓAHREPPUR 2040

WHAT SHOULD THE FUTURE BE?

ÞINGBORG
7. OKT
KL.20

Hvernig viltu að Flóahreppur verði árið 2040?
Hvernig látum við þá sýn verða að veruleika?

Taktu þátt í íbúafundi þar sem rætt verður hvert
við stefnum og hvernig við komumst þangað

FUNDURINN ER LIÐUR Í MÓTUN ATVINNUSTEFNU FYRIR NEÐRI HLUTA ÁRNESSÝSLU

How do you want Flóahreppur to be in 2040?
How do we make that vision a reality?

Take part in a residents' meeting where we will discuss
where we are going and how we will get there

THE MEETING IS A PART OF AN EMPLOYMENT STRATEGY FORMULATION

Jak chcesz, żeby gmina Flóahreppur wyglądała w 2040
roku?
Jak urzeczywistnić tę wizję?

Weź udział w spotkaniu mieszkańców, na którym
omówimy, dokąd zmierzamy i jak tam dotrzemy

SPOTKANIE JEST CZĘŚCIĄ FORMUŁOWANIA STRATEGII ZATRUDNIENIA

Hvernig viltu að Flóahreppur verði árið 2040? | Hvernig látum við þá sýn verða að veruleika?

Taktu þátt í íbúafundi þar sem rætt verður hvert við stefnum og hvernig við komumst þangað.

Annar hluti við mótun atvinnustefnu fyrir neðri hluta Árnessýslu er að horfa til framtíðar og skoða hvaða verkefni og aðgerðir koma okkur á þann stað sem við viljum vera.

Þessum fundi er ætlað að heyra hvaða sýn íbúar hafa á framtíðina og hvaða leiðir ætti að fara til þess að ná henni.

How do you want Flóahreppur to be in 2040? | How do we make that vision a reality?

Take part in a residents' meeting where we will discuss where we are going and how we will get there.

Next part of formulating an employment policy is to look to the future and examine which projects and actions will bring us to the place we want to be. This meeting is designed to hear what vision the residents have for the future and what steps should be taken to achieve it.

Jak chcesz, żeby gmina Flóahreppur wyglądała w 2040 roku? | Jak urzeczywistnić tę wizję?

Weź udział w spotkaniu mieszkańców, na którym omówimy, dokąd zmierzamy i jak tam dotrzemy.

Kolejną częścią formułowania strategii zatrudnienia dla dolnej części okręgu Árnessýslu jest spojrzenie w przyszłość i sprawdzenie, które projekty i działania doprowadzą nas do miejsca, w którym chcemy się znaleźć.

Spotkanie to ma na celu wysłuchanie, jaką wizję przyszłości mają mieszkańcy i jakie kroki należy podjąć, aby ją osiągnąć.

Ólafur Sveinn Gíslason

Undirliggjandi minni – Underlying memory



Myndlistarverkið *Undirliggjandi minni* verður sýnt í félagsheimilinu Félagslundi í Flóahreppi frá 5. til 20. október 2024.

Opið verður daglega frá kl. 15.00 til 19:00 og eftir samkomulagi, sími: 661-0146. Sýningaropnun 5. október kl. 15.00.

Allir velkomnir.

Undirliggjandi minni er leikið kvikmyndaverk sem byggt er á æskuminningum þriggja einstaklinga sem ólust upp í Flóahreppi, áður Gaulverjabæjarhreppi.

Bernskumningar liggja oft á mörkum þess ómeðvitaða, það er ekki alltaf ljóst hvað er frásögn annarra og hvað er eigin upplifun. Það geta verið ljósmyndir, staðir eða hlutir sem bera með sér frásagnir og sögur sem eru forsendur eigin minninga. Þegar grannt er skoðað eru eigin minningar til staðar, tilfinningaleg skynjun umhverfisins. Hvert er samband innri og ytri veruleika? Persónulegur reynsluheimur er viðfangs efni verksins en jafnframt hvar hverfulleik og mörk minninga liggja.

Þátttakendur:

Guðjón Helgi Ólafsson frá Ásgarði

Valdimar Elí Viðarsson

Anný Ingimarsdóttir frá Vorsabæjarháleigu

Ottó Ingi Annýjarson

Margrét Jónsdóttir frá Syðri-Velli

Kristjana Ársól Stefánsdóttir

Ásgerður Saga Stefánsdóttir

Minningar þátttakendanna tengjast á áhugaverðan hátt í fjósum tímans um og eftir 1970, þar sem miklar breytingar áttu sér stað í búskaparháttum. Upplifanir af bústörfum og heimilisfólki, kúm, fjósaköttum og músum vega þungt í huga barnsins. Þannig er fjósið ákveðin þungamiðja verksins og var að hluta kvikmyndað í fjósinu í Gaulverjabæ. Svið kvikmyndarinnar er jafnframt utandyra, á stöðum sem tengjast eigin minningum þátttakenda, á heimabæjum og oftast við aðstæður þar sem hús, munir og fólk er horfið af vettvangi þess viðfangsefnis sem fjallað er um.

Einstaklingarnir þrír, sem eru uppspretta verksins, leika einnig í kvikmyndinni ásamt börnum sem þeim tengjast, þeirra eigin börn eða þeim nákominn. Börnin eru miðlar inn í bernsku fullorðna fólksins í verkinu. Þau framkalla hugmyndir um framtíðina með viðveru sinni, ásamt því að vera útvíkkun þeirra sjálfs, eigin minninga þess fullorðna.

Félagsheimilið Félagslundur er hluti af sögusviði verksins, þar sem það hefur verið samverustaður þessa samfélags í langan tíma. Það er mikilvægur þáttur verksins að sýna það í tengslum við staðhætti og uppruna þeirra frásagna sem eiga sér stað í verkinu. Undirliggjandi minni er skipt upp í þrjár kvikmyndir: Djúpur rauður, Mjúkur brúnn og Léttur grænn sem mynda samhangandi þrískipt kvikmyndarými. Tími og rými minninganna færast á milli kvikmyndanna þar sem ólík augnablik upplifana skarast og skapa nýja rýmisheild í Félagslundu.

Ólafur Sveinn Gíslason lauk námi úr skúlptúrdeild Myndlistar- og handíðaskóla Íslands árið 1983 og var við nám við Listaháskólann í Hamborg frá 1983 -1988. Eftir nám starfaði hann að myndlist í Þýskalandi til ársins 2009, að verkefnum sem hafa verið sýnd í galleríum, listasöfnum og í opinberu rými víða í Evrópu og annars staðar. Það

sem helst einkennir verk hans er hin félagslega vídd þar sem málefni og staðir eru mikilvægur grunnur. Einstaklingar sem notendur rýma er viðfangsefni út frá málefnum samfélagsins og listrænum nálgunarleiðum. Ólafur starfaði sem prófessor við Listaháskóla Íslands frá 2007 til 2016. Einnig hefur hann haldið fyrirlestra og kennt við listaháskóla víða í Evrópu.

Verkefnið er styrkt af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Myndstefi, Myndlistarsjóði og Flóahreppi.

English

The project *Underlying Memory*, will be exhibited in the community center Félagslundur in Flóahreppur from the 5th – 20th of October 2024. Open daily from 15:00 – 19:00 and by agreement: 661-0146. Exhibition opening October 5th at 15:00 – 19:00.

Underlying Memory, is an acted film project which builds on childhood memories of three individuals which grew up in Flóahreppur, formerly Gaulverjabæjarhreppur.

Childhood memories often lay on the boundary of the subconscious, it is not entirely clear what is another person's narration and what is one's own experience. It can be photographs, places or objects which embody a narration and stories, which are the premise of one's own memories. Upon a close look one's own memories are present, through a subconscious perception of one's environment. What is the relationship between an inner and outer reality? Personal experiences are the subject of this work as well as the fleetness of memory and where its border lays.

Participants:

Guðjón Helgi Ólafsson from Ásgarður

Valdimar Elí Viðarsson

Anný Ingimarsdóttir from Vorsabæjarhjáleiga

Ottó Ingi Annýjarson

Margrét Jónsdóttir from Syðri-Vellir

Kristjana Ársól Stefánsdóttir

Ásgerður Saga Stefánsdóttir

The participants memories connect in an interesting way in the cow sheds of around 1970, when many changes occurred in farming

practices. Experiences of farm work and households, cows, barn cats and mice weigh heavily in a child's mind. The cow shed is a certain canter of the project and was partly filmed in the cow shed at Gaulverjabær. The stage of the film is also outdoors, in places which connect the memory of the participating individuals, in their homesteads and often in a situation where houses, objects and people no longer exist in the subject of the film.

The three individuals, which are the source of the project, also act in the film along with children which are connected to them, their own children and children close to them. The children are a vehicle into the childhood of the adults in the film. They elicit ideas about the future through their presence, and also function as an expansion of the adult-self in the film, the individual memory of the adults.

The community canter Félagslundur, is a part of the project's scene, as it has been a social meeting place of the community for a long time. It is an important part of the work to show it in connection with the site of the stories which are told in the film. Underlying Memory is divided into three films: Deep red, Soft brown and Light green which comprise a coherent three part film space. The time and space of the memories move between the films where different moments of experiences create a new entity in the community canter Félagslundur.

Ólafur Sveinn Gíslason graduated from the sculpture department of the Iceland Arts and Crafts College in 1983 and studied at the Hochschule für bildende Künste in Hamburg from 1983 – 1988. After his studies he worked as an artist in Germany until 2009. His work has been shown in galleries, art museums and in public space around Europe and elsewhere. What mostly characterizes his work is the social dimension where issues and places are an important foundation. Individuals as the users of spaces are a topic through the perspective of the community and artistic approaches. Ólafur was a professor at the Iceland Academy of the Arts from 2007 – 2016. He has also held lectures and taught at Art Universities in Europe.

Haustfundur

Haustfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg fimmtudaginn 10. október kl. 18:00.

Kaffikonur eru Ann Westerberg, Anna Gunnarsdóttir og Berglind Björk Guðnadóttir.

Konur sem vilja kynna sér starfið eru velkomnar.

Kveðja, stjórnin

Dagskrá mánaðarins:

Ullarvika	29. september - 5. október
Íþróttæfingar 5. - 7. og 8. - 10. bekkur	1. október
Fundur sveitarstjórnar	1. október
Þrjónakaffihús í Þingborg	3. - 5. október
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	4. október
Undirliggjandi minni - Sýning í Félagslundi	5. - 20. október
Þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju	6. október
Íbúafundur í Þingborg	7. október
Íþróttæfingar 5. - 7. og 8. - 10. bekkur	8. október
Haustfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	10. október
Skrifstofa Flóahrepps lokuð	10. - 11. október
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	11. október
Íþróttæfingar 5. - 7. og 8. - 10. bekkur	15. október
Fundur sveitarstjórnar	15. október
Haustfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	16. október
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	18. október
Íþróttæfingar 5. - 7. og 8. - 10. bekkur	22. október
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	25. október
Kótelettukvöld	26. október
Íþróttæfingar 5. - 7. og 8. - 10. bekkur	29. október
Hvatagreiðslur - síðasti dagur til að sækja um	31. október
Hrossaræktarferð HRRF	9. nóvember